



SKÓLANEFND HRUNAMANNAHREPPS

10. fundur skólanefndar Hrunamannahrepps kjörtímabilið 2022-2026 haldinn mánudaginn 11. mars 2024, kl. 16:00 í Flúðaskóla.

Mættir eru: Katrín Þorvaldsdóttir formaður, Elvar Harðarson og Alexandra Rós Jóhannesdóttir auk fulltrúa Skeiða- og Gnúpverjahrepps, Vilborgar Ástráðsdóttur og Sigríðar Bjarkar Gylfadóttur. Einnig sátu fundinn Jóhanna Lilja Arnardóttir skólastjóri Flúðaskóla, Elma Jóhannsdóttir, staðgengill leikskólastjóra, Friður Sæmundsdóttir, fulltrúi starfsfólks Flúðaskóla, Valný Guðmundsdóttir, fulltrúi starfsmanna leikskólans Undralands, Margrét Sævarsdóttir, fulltrúi foreldra Flúðaskóla og Dagný Lilja Birgisdóttir, fulltrúi foreldra á Leikskólanum Undralandi. Auk þeirra sat fundinn Aldís Hafsteinsdóttir sveitarstjóri.

Í upphafi fundar bar formaður upp tillögu um að Aldís Hafsteinsdóttir, sveitarstjóri, myndi rita fundargerð. Tillagan samþykkt samhljóða.

Hér var gengið til dagskrár:

Málefni Flúðaskóla

1. Skýrsla skólastjóra Flúðaskóla

Lögð fram skýrsla frá skólastjóra Flúðaskóla þar sem farið var yfir starfsemi skólans undanfarna mánuði. Fjallað var um nýtt kennsluform á unglingsstigi á föstudögum, Vörðuna. Einnig fjallað um sameiginlegar smiðjur nemenda Reykholtsskóla, Bláskógaskóla Laugarvatni og Kerhólsskóla en Flúðaskóli hélt eina slíka smiðju fyrir unglinga af svæðinu í febrúar s.l. Farið var yfir nemendaheimsókn frá Danmörku sem er liður í sameiginlegu verkefni Flúðaskóla og Holbæk Lilleskole. Einnig fjallaði skólastjóri um starfsdag kennara, húsnæðisbreytingar, skíðaferð og margt fleira.

Skólanefnd þakkar greinargóða skýrslu og lýsir yfir ánægju sinni með fjölbreytt og gott starf í skólanum. Einnig er jákvætt viðhorf starfsmanna skólans til þeirra breytinga sem framundan eru hvað varðar húsnæði þakkarvert.

2. Drög að skóladagatali Flúðaskóla

Skóladagatal Flúðaskóla fyrir 2024-2025 lagt fram til samþykktar.

Skólanefnd samþykkir skóladagatalið með þeim breytingum á Smiðjudögum sem ræddar voru á fundinum og öðrum smávængilegum breytingum. Með þessari samþykkt er réttardagur Hrunamanna fridagur í Flúðaskóla og hluti af vinnutímastyttingu starfsmanna sem skólanefnd mælir með að sé annars tekin á föstudögum eftir hádegi og eftir hádegi á Litlu jólum eins og verið hefur.

JLA
AES
BH
FS
M.S
ES
KP
UG
DPA

Sameiginleg málefni

3. Samantekt frá skólunum í tengslum við kaflann um Heimili og skóla í Skólastefnu Hrunamannahrepps.

Staðgengill leikskólastjóra fór yfir það starf sem átt hefur sér stað varðandi samstarf heimila og skóla. Kynningardagur fyrir foreldra hefur verið haldinn, heimsóknir í tengslum við bónda- og konudaginn, heimsóknir á vinnustaði, foreldradagur og fleira sem gert hefur verið. Rætt um nauðsyn þess að vinna meira að innleiðingu farsældarlaganna og kynna það betur fyrir bæði starfsmönnum og foreldrum. Einnig var óskað eftir betri upplýsingum um vinnuna við barnvænt samfélag í Hrunamannahreppi.

Skólastjóri Flúðaskóla kynnti að mánaðarlega væri sent fréttabréf til foreldra með upplýsingum um skólastarfið. Einnig eru samfélagsmiðlar nýttir til að miðla upplýsingum. Foreldrar eru duglegir að mæta á viðburði sem tengjast þeirra börnum en mæta ekki alveg jafnvel í opnar vikur þegar foreldrum stendur til boða að taka að sér hlutverk í skólastarfinu. Einnig mættu foreldrar og forráðmenn bæta örlítið betur á fundi og fyrirlestra sem í boði eru. Skólastjóri kynnti einnig það starf sem er í gangi varðandi innleiðingu farsældarlaganna. Á síðu BOFS er að finna mjög mikið og gott efni varðandi innleiðinguna sem er aðgengilegt öllum.

4. Drög að aðgerðaráætlun vegna skólastefnu og næstu skref

Formaður kynnti drög að aðgerðaáætlun nýrrar skólastefnu. Skólastjórnendur munu yfirfara áætlunina og leggja drög að útfærslu fyrstu kaflanna fyrir fund vinnuhópanna í apríl.

Formaður lagði fram tillögu um að skipaður verði starfshópur til að kanna þau sóknarfæri sem felast í sameiningu leik- og grunnskóla á forsendum beggja skólastíganna. Slík tillaga er í fullu samræmi við þær tillögur sem fram koma í nýsamþykktri skólastefnu.

Skólanefnd samþykkir að leggja til við sveitarstjórn að skipaður verði starfshópur sem skipaður yrði af eftirfarandi aðilum: sveitarstjóra, formanni skólanefndar, skólastjórnendum beggja skólastiga, fulltrúa foreldra og fulltrúa starfsfólks á hvoru skólastigi fyrir sig.

Hópnun verði falið að kynna sér kosti og galla samrekinna leik- og grunnskóla. Hvað hefur tekist vel og hvað ekki og máta skólastarf Hrunamannahrepps við þær hugmyndir.

5. Sameiginleg uppeldisstefna leik og grunnskóla-umræða

Formaður kynnti þau tækifæri sem falist gætu í sameiginlegri uppeldisstefnu beggja skólastíganna. Hún kynnti jafnframt megininntak uppeldisstefnunnar, Jákvæður agi. Stefnuna má betur kynna sér á heimasíðunni www.jakvaeduragi.is

Skólanefnd lýst vel á þá aðferðafræði sem þessi uppeldisstefna byggir á og felur skólastjórnendum að kynna stefnuna betur fyrir starfsmönnum. Á næsta fundi skólanefndar, að fenginni umsögn starfsliðs skólanna, yrði ákveðið hvort að þessi uppeldisstefna sé sú rétta fyrir skólasamfélagið hér.

JLA M.S EY KÞ VG
ARJ FS al OFE
ES

Málefni Undralands

6. Skýrsla staðgengils leikskólastjóra Undralands

Í skýrslunni kemur meðal annars fram að heildarfjöldi nemenda er 48 en starfsmenn eru 20. Í maí verða 52 börn á Undralandi og er það sá fjöldi, að mati starfsmanna, sem húsið getur rúmað. Unnið hefur verið að skipulagsbreytingum á deildum sem hafa reynst jákvæðar. Fjallað var einnig um fróðlegan starfsdag en þá heimsóttu starfsmenn aðra leikskóla. Leikskólastjóri fjallaði einnig um foreldrakönnun sem framkvæmd hefur verið en niðurstöðu er að vænta í apríl. Framundan er síðan grenndarkennsla í vor en þá munu börnin kynnast sínu nánasta umhverfi en slíkt biður upp á gott samstarf heimila og skóla.

Skólanefnd þakkar greinargóða skýrslu og það jákvæða starf sem unnið er í leikskólanum. Skólanefnd gerir sér glögga grein fyrir því að mjög fljótlega þarf að hefja umræðu um framtíðaruppbyggingu leikskólans en helst þarf að byrja þá vinnu strax á næsta ári.

7. Drög að skóladagatali leikskólans Undralands

Skóladagatal Leikskólans Undralands fyrir 2024-2025 lagt fram.

Skólanefnd samþykkir að skóladagatalið verði aftur til umræðu á næsta fundi nefndarinnar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17:30

Katrín Þorvaldsdóttir

Einar Árdarson

Fríður Samundsdóttir

Dagný Lílja Birgisdóttir

Alexandra Ros Jóhannsdóttir

Jónanna Lílja Árnardóttir

Alvít Ápfelmsdóttir

Sigríður Björk Gylfad.

Vilborg M. Ásráðsl.

Valmij Guðmundsdóttir

Elma Jóhannsdóttir

Margrét Sævarsd.